

Skógarvörðurinn á Norðurlandi:

STARFSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ 1930.

Kristján Kristjánsson.

# Starfsskýrsla skógarvarðarins á Norðurlandi fyrir árið 1930.

---

## S k ó g a r h ö g g :

---

Í Vaglaskógi var höggvið á árinu:

Seldur eldiviður	41	hestburðir	
Til girðinga	4	"	
Eldiviður skógarv.	178	"	
Leyft högg (eldiv.)	<u>133</u>	"	( 2 hestb. árefti )
	354	hestburðir	

Í Sigríðarstöðaskógi var höggvið:  
Eldiviður 44 hestburðir.

Ár 1930, var dregið saman meiri hluti þess, sem ekki var hægt að draga saman í fyrra, af því sem þá var grisjað, sökum þess hve snemma snjóaði, en dálítið varð þó eftir, vegna þess að ekki fengust menn til þess að vinna að því. Dálítið var grisjað hér fyrir sunnan og neðan, til eldsneytis fyrir skógarvörð, og svo lét ég höggva hingað og þangað um skóginn, hríslur sem brotnað höfðu hingað og þangað um skóginn, hríslur sem brotnað höfðu í fyrravetur, sökum hinna afar miklu snjóþyngsla, því svo mátti heita, að allt væri þá á kafi í snjó.

## G r æ ð i r e i t u r :

---

Afhent var úr reitnum:

Birki	1.668	stk.
Reynir	1.428	-
Ösp	50	-
Ribs	27	-
Fjallafura	1	-
Alls	<u>3.174</u>	stk.

## Ý m i s l e g t :

---

Í haust var lítið um fullþroskað fræ í skóginum og var tjnt af því svo mikið sem hægt var, og varð það alls 66.280 kg., sem eftir að búið var að þurka það og hreinsa var 54 kg., þar af voru 50 kg. send skógræktarstjóra til Reykjavíkur, en 4 kg. eru geymd hér til notkunar í græðireitnum að vori.-Af því fræ sem hér var til f. f. ári, voru 15 kg. send skógræktarstjóra, en hinu sáði græðireitinn. Í græðireitnum var plantað út allmikið af birkiplöntum.- Nú sem stendur er ekkert til af birkiplöntum, sem sendandi séu út um land, sumt af þeim, sem þar eru, eru of smáar, en sumt of stórt síðastliðinn vetur eyðil. skógargirðingin mjög mikið af snjóþyngslum og svo tók snjóflóð eða snjóíla um 20 staurar við Klettslækinn og áin tók 15 staura af henni neðst í jakarubning. Til aðgerðar hennar keypti ég 4 staura á Akureyri, en að öðru leyti notaði ég

ég staura úr skóginum og nokkra úr steinsteypu.- Eina rúllu af vir, keypti ég til aðgerðarinnar, og er nokkuð af henni eftir.

Ferðir hefi ég ekki farið, nema til Akureyrar með plöntur, að Garði eftir ösp, og í Sigríðarsaðaskóg til eftirlits, og geri ég ekki reikning fyrir þeim.

Vöglum 31. des. 1930.

Kristján Kristjánsson.